



Fróðleiksmolar

Fyrsti LC klúbburinn var stofnaður í Bornemouth á Englandi árið 1930 af eiginkonum Round Table manna. LC International var stofnað árið 1959.

LC 1 á Íslandi var stofnaður 28. apríl 1988 á Akureyri.

Fyrsta landstjórn LC á Íslandi var stofnuð 1994.

Fjöldi kvenna í LC á Íslandi er um 250 konur.

Landstjórn LC á Íslandi starfsárið 2017 - 2018

Salóme Ýr Rúnarsdóttir LC 11 **Landsforseti**

Eva Björg Skúladóttir LC 7 **Varalandsforseti**



Vala Rún Björnsdóttir LC 2 **Gjaldkeri**

Hafdís Inga Haraldsdóttir LC 1 **Ritari**

Sigurborg Ö. Möller **Vefstjóri**

Hildur Ýr Kristinsdóttir LC 7 **Fráfarandi Landsforseti**

Vertu vinur **Ladies Circle Iceland** síðunnar á Facebook



Vinátta og hjálpsæmi



Hvað er Ladies Circle

Ladies Circle er samtök kvenna á aldrinum 18 - 45 ára um allan heim, sem vilja stuðla að því að konur kynnist hver annari, ólíkum reynsluheimum og margvíslegri menningu.

Einkunnarorð Ladies Circle eru vinátta og hjálpsemi. Merki samtakanna táknar hjól rokksins, sem er tákn kvenna frá gamalli tíð. Hjólinu er skipt upp í sex hjörtu sem tákna:

**Vinátta — umburðarlyndi —
tillitsemi – heiðarleika —
jákvæðni og náungakærleika**

Eins og hvert orð fyllir hvert hjarta er sérhver einstaklingur mikilvægur í eflingu samtakanna.

Klúbbarnir

Á Íslandi eru starfandi 15 klúbbar og halda þeir allir fundi einu sinni í mánuði. Klúbbarnir fá til sín fyrirlesara, fara í fyrirtækjaheimsóknir og rædd eru ýmis mál á fundum sem vikka sýn félagskvenna á lífið og tilveruna.

Stjórn hvers klúbbs er skipuð fimm konum: formanni, varaformanni, fráfarandi formanni, ritara og gjaldkera. Starfstími stjórnar er eitt ár. Allar konur innan klúbbs geta boðið sig fram í stjórn klúbbsins.

Félagsaðild

Aðild að klúbbi geta þær konur öðlast sem óska eftir að ganga í klúbbinn og eru samþykktar af meirihluta á félagsfundi klúbbsins sem um ræðir.

Nýr félagi þarf að mæta á minnst tvo fundi áður en hún fær formlega aðild að klúbbum.

Mætingaskylda er á fundi klúbbsins og skal tilkynna forföll.

Elínarsjóður

Sjóðurinn er góðgerðar-/hjálparsjóður Ladies Circle á Íslandi fyrir bágstadda eða hjálparþurfa einstaklinga. Sjóðurinn styrkir erlent verkefni tilnefnt af alheimsstjórn samtakanna annað árið en innlent verkefni hitt árið.



Rokkurinn

Er “blað” samtakanna sem er á ladiescircle.is Í blaðinu greina klúbbarnir frá atbuðum í starfi sínu. Rokkurinn er aðgengilegur öllum á vefsíðu samtakanna.

Landsfundir

15. okt. 2017
Vestmannaeyjar.
5-7 . maí 2018 Akureyri.

Alþjóðafundir

26 - 28. jan 2018 MTM Lúxemburg
ágúst 2018 AGM Noregur Haugasund

Frekari upplýsingar á heimasíðum LC:

www.ladiescircle.is
www.ladiescircleinternational.org
www.facebook.com/LCIceland

Fyrirspurnir er hægt að senda á:
landsforsetilc@gmail.com
vefstjorile@gmail.com